

10. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um gjöld sýsluvegasjóðs með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir skv. 9. og 10. gr., svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

11. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 100 þús. krónum, nema þyngri hegning liggir við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Eyjafjarðarsýslu, nr. 55 17. maí 1926, með áorðnum breytingum.

Samgöngumálaráðuneytið, 9. júní 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfr Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T**um sýsluvegasjóð Borgarfjarðarsýslu.**

1. gr.

Í Borgarfjarðarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 71/1963.

2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

Hvalfjarðarstrandarhreppur:

1. Botnsdalsvegur, af Vesturlandsvegi um Litla-Botn að Stóra-Botni.
2. Hrafnabjargavegur, af Vesturlandsvegi að Hrafnabjörgum.
3. Kalastaðakotsvegur, af Vesturlandsvegi að Kalastaðakoti.
4. Hurðarbaksvegur, af Svínadalsvegi að Hurðarbaki.

5. Svarfhólsvegur, af Svinadalsvegi að Svarfhóli.
6. Efra-Skarðsvegur, af Leirársveitarvegi um Tungu að Efra-Skarði.
7. Hlíðarfótsvegur, af Svinadalsvegi að Hlíðarfæti.
8. Kambshólsvegur, af Svinadalsvegi að Kambshóli.
9. Grafardalsvegur, af Dragavegi um Dragháls að Grafardal.
10. Katanesvegur, af Akrafjallsvegi að Katanesi.
11. Vatnaskógsvegur, af Vesturlandsvegi í Vatnaskóg.

Innri-Akraneshreppur:

12. Reynisvegur, af Akrafjallsvegi um Eystri-Reyni að Vestri-Reyni.
13. Birnuhöfðavegur, af Akrafjallsvegi að Birnuhöfða.

Skilmannahreppur:

14. Galtarholtsvegur, af Vesturlandsvegi að Galtarholti.
15. Arkarlækjarvegur, af Akrafjallsevgi að Arkarlæk.
16. Vallanesvegur, af Akranesvegi um Hvítanes að Vallanesi.

Leirár- og Melahreppur:

17. Bakkavegur, af Melasveitarvegi að Bakka.
18. Hafnarvegur, af Vesturlandsvegi að Höfn.
19. Geldingaárvegur, af Vesturlandsvegi að Geldingaá.
20. Skipanesvegur, af Vesturlandsvegi að Skipanesi.
21. Melkotsvegur, af Leirársveitarvegi að Melkoti.
22. Neðraskarðsvegur, af Leirársveitarvegi að Neðraskarði.

Andakílshreppur:

23. Eyrarvegur, af Borgarfjarðarbraut hjá Varmalæk um Múlastaði að Eyri.
24. Stafholtseyjarvegur, af Bæjarsveitarvegi að Stafholtsey.
25. Hvítárbyggvegur, af Bæjarsveitarvegi að Hvítárbygg.
26. Laugarholtsvegur, af Bæjarkirkjuvegi að Laugarholti.
27. Hestvegur, af Borgarfjarðarbraut að Hesti.
28. Ausuvegur, af Vesturlandsvegi að Ausu.

Skorradalshreppur:

29. Grundarvegur, af Skorradalsvegi að Grund.
30. Mófellsstaðakotsvegur, af Mófellsstaðavegi að Mófellsstaðakoti.
31. Indriðastaðavegur, af Mófellsstaðavegi að Indriðastöðum.

Lundarreykjadalshreppur:

32. Tungufellsvegur, af Uxahryggjavegi að Tungufelli.
33. Brennuvegur, af Uxahryggjavegi að Brennu.
34. Þverfellsvegur, af Uxahryggjavegi um Kaldagil að Þverfelli.
35. Gilstreymisvegur, af Uxahryggjavegi að Gilstreymi.
36. Englandsvegur, af Uxahryggjavegi að Englandi.
37. Iðunnarstaðavegur, af Uxahryggjavegi að Iðunnarstöðum.
38. Hólsvegur, af Lundarreykjadalssvegi að Hóli.
39. Grafarvegur, af Lundarreykjadalssvegi að Gröf.
40. Krossvegur, af Lundarreykjadalssvegi að Krossi.

Reykholtaldalshreppur:

41. Hurðarbaksvegur, af Borgarfjarðarbraut, um Garð að Hurðarbaki.
42. Brekkukotsvegur, af Borgarfjarðarbraut að Brekkukoti.
43. Skáneyjarvegur, af Reykdælavegi að Skáney.
44. Grímsstaðavegur, af Reykdælavegi að Grímsstöðum.

45. Breiðabólstaðarvegur, af Reykdælavegi að Breiðabólstað.
46. Ásgarðsvegur, af Stóra-Kroppsvegi að Ásgarði.
47. Hrisavegur, af Flókadalsvegi að Hrisum.
48. Brúsholtsgvegur, af Flókadalsvegi að Brúsholti.
49. Klettsvegur, af Stóra-Kroppsvegi að Kletti.
50. Viðigerðisvegur, af Borgarfjarðarbraut að Viðigerði.

Hálsahreppur:

51. Hraunsásvegur, af Hálsasveitarvegi að Hraunsási.
52. Signýjarstaðavegur, af Hálsasveitarvegi að Signýjarstöðum.
53. Norðurreykjavegur, af Hálsasveitarvegi að Norðurreykjum.
54. Rauðsgilsgvegur, af Reykdælavegi að Rauðsgili.
55. Kollslækjarvegur, af Reykdælavegi að Kollslæk.
56. Giljavegur, af Reykdælavegi yfir Reykjadalssá að Giljum.
57. Augastaðavegur, af Reykdælavegi yfir Reykjadalssá að Augastöðum.
58. Sigmundarstaðavegur, af Hálsasveitarvegi að Sigmundarstöðum.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár áður en gjaldið er lagt á. Ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. marz. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkvæmt 21. gr., niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 6 af þúsundi af virðingarverði mannvirkja, en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Gera skal sýsluvegaáætlun til fjögurra ára í senn og miða hana við sama tímabil og vegaáætlun fyrir þjóðvegi. Vegamálastjóri semur frumdrög að slíkri áætlun í samráði við sýslunefnd og skal hún tekin fyrir og afgreidd á sýslu-

fundi til samþykktar. Öðlast áætlun þessi gildi, er samgöngumálaráðherra hefur staðfest hana. Sýsluvegaáætlun skal endurskoða, er hún hefur gilt í tvö ár.

10. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um gjöld sýsluvegasjóðs með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir skv. 9. og 10. gr., svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

11. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 100 þús. kr., nema þyngri hegning liggji við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Borgarfjarðarsýslu, nr. 118 21. maí 1953, ásamt síðari breytingu.

Samgöngumálaráðuneytið, 9. júní 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T

um sýsluvegasjóð í Mýrasýslu.

1. gr.

Í Mýrasýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 71/1963.

2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.